



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 18. október 2023
2310034 AS

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, mál nr. 315

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 18. október 2023:

Erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 12.10.2023, þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 til 2028, 315. mál.

Umsagnarfrestur er til 26. október nk.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ítrekar fyrri umsögn um málið þar sem tekið er undir markmið og áherslur sem lagðar eru fram í samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að þeir fjármunir sem lagðir eru í samgönguframkvæmdir séu vel nýttir og hugað verði að umferðarálagi við forgangsröðun verkefna. Taka þarf inni þá forgangsröðun umferðarálag, íbúafjölda, fjölda fristundahúsa á svæðum og aðsókn að vinsælum ferðamannasvæðum. Í þessum sambandi leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að viðhaldi stofnvega á Gullna hringnum verði vel sinnt en á Gullna hringnum eru ma. fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins Þingvellir, Geysir og Gullfoss.

Í þessari samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Biskupstungnabraut verði færð suður fyrir Geysi og að ný brú verði byggð yfir Tungufljóti á tímabilinu 2029 til 2033. Í ljósi þess álags sem nú er og þeirrar fjölgunar ferðamanna sem áætluð er í náninni framtíð og að um fjölförnustu einbreiðu brú landsins er að ræða leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að þessi framkvæmd verði færð framár í forgangsröðun samgönguframkvæmda. Ánægjulegt er að sjá að uppbygging Kjalvegjar er kominn á áætlun, þótt sveitarstjórn vilji sá það verkefni komast fyrir í framkvæmd.

Þá fagnar sveitarstjórn Bláskógabyggðar að sérstök áhersla sé lögð á að leggja bundið slitlag á tengivegi, í því samhengi leggur sveitarstjórn mikla áherslu á að Einhóltsvegur (358) verði lagður bundnu slitlagi sem allra fyrst.

Mikilvægt er að hugað verði að umferðaröryggi á vegum á Suðurlandi, sem eru fjölförnustu vegir í þjóðvegakerfinu með mikið umferðarálag allan ársins hring og tilheyrandi slit á vegum. Umferðaröryggi á fjölförnustu svæðunum á Suðurlandi verður ekki leyst með jarðgöngum og því ljóst að leggja verður áherslu á aðra þætti, svo sem reglulegt viðhald og uppbyggingu vegakerfisins, fækkun einbreiðra brúa og öruggar leiðir fyrir alla umferð, þá sem ferðast akandi og aðra.



Virðingarfyllst,


Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

